

**Nd.**

**200. Nefndarálit**

**[126. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Frumvarpið er liður í tekjuöflunaráætlun ríkisstjórnarinnar og stendur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Nefndin hefur fjallað um frv. á tveim fundum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

Við 2. tölul. 1. gr. bætist nýr stafliður, d-liður, er orðist svo:

d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 000 kr. og hjá hjónum 500 000 kr.

Alþingi, 15. des. 1977.

Jón Skaftason,  
form.

Pórarinn Sigurjónsson,  
fundaskr.

Ragnhildur Helgadóttir,  
frsm.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

Guðmundur H. Garðarsson.